

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 538/2011

2012/EES/67/46

frá 1. júní 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 607/2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknannir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinnna vínafurða (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) ⁽¹⁾, einkum k-, l- og m-lið fyrstu málsgreinar 121. gr. og 203. gr. b í tengslum við 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 18. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 ⁽²⁾ er mælt fyrir um að skráin yfir verndaðar upprunatáknannir og verndaðar, landfræðilegar merkingar (hér á eftir nefnd „skráin“), sem framkvæmdastjórnin viðheldur eins og kveðið er á um í 118. gr. n í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, sé hluti af rafræna gagnasafninu „E-Bacchus“.
- 2) Til einföldunar skal birta skrána yfir atvinnugreina-samtök og aðila að þeim, sem er að finna í XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 607/2009, á Netinu. Því ber að breyta 2. mgr. 30. gr. til samræmis við það.
- 3) Til að forðast að mismuna vínnum sem eiga uppruna sinn í Evrópusambandinu og vínnum sem flutt eru inn frá þriðju löndum ber að skýra að heiti, sem hefð er fyrir að nota í þriðju löndum, geti einnig fengið viðurkenningu og vernd sem hefðbundin heiti í Sambandinu þegar þau eru notuð í tengslum við landfræðilegar merkingar eða upprunatáknannir sem reglufestar eru í viðkomandi þriðju löndum.
- 4) Til glöggvunar skulu vernduðu, hefðbundnu heitin, sem skráð eru í XII. viðauka, færð yfir í rafræna gagnasafnið „E-Bacchus“, þannig að vernduðum upprunatáknunum, vernduðum landfræðilegum merkingum og vernduðum, hefðbundnum heitum sé safnað saman í eitt upplýsingatæknitól sem auðvelt er að fletta upp í.
- 5) Til að tryggja aðgang að uppfærðum upplýsingum varðandi hefðbundin heiti skulu upplýsingarnar, sem er

að finna í XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 607/2009, færðar yfir í rafræna gagnasafnið „E-Bacchus“ og nýjar upplýsingar í tengslum við verndun hefðbundinna heita skulu eingöngu færðar inn í það gagnasafn.

- 6) Til að gera tengslin á milli verndaðra, hefðbundinna heita og vörumerkja skýrari er nauðsynlegt að tilgreina á hvaða lagagrundvelli skuli leggja mat á umsókn um vörumerki sem felur í sér eða samanstendur af vernduðu, hefðbundnu heiti í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB frá 22. október 2008 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki ⁽³⁾ eða reglugerð ráðsins (EB) nr. 207/2009 frá 26. febrúar 2009 um vörumerki Bandalagsins ⁽⁴⁾.
- 7) Til að gera reglurnar um hefðbundin heiti skýrari, einkum með tilliti til þess að þau eru færð yfir í rafræna gagnasafnið „E-Bacchus“, skulu allar breytingar í tengslum við hefðbundin heiti fara fram samkvæmt formlega skilgreindri málsmeðferð.
- 8) Setja skal reglur um upplýsingar um alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál að því er varðar tilteknar vínrektarafurðir til að tryggja megi almenningi nákvæmar upplýsingar.
- 9) Til að einfalda merkingar kann í sumum tilvikum ekki að reynast nauðsynlegt að tilteknar upplýsingar varðandi nafn og heimilisfang átappara komi fram.
- 10) Til að bæta eftirlit með tilteknum vínrektarafurðum skal aðildarríkjum heimilað að setja reglur um notkun upplýsinga sem varða framleiðanda og vinnsluáðila.
- 11) Til glöggvunar ber því að breyta 1. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 56 gr.
- 12) Eingöngu skal skylt að nota tiltekna tegund af flösku og lokunarbúnaði fyrir freyðivín, gæðafreyðivín og ilmrik gæðafreyðivín, eins og kveðið er á um í 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 607/2009, þegar slík vín, sem framleidd eru í Evrópusambandinu, eru sett á markað og flutt út.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 147, 2.6.2011, bls.6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á bókun 47 (um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63, 8.11.2012, bls. 31.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 25.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 78, 24.3.2009, bls. 1.

- 13) Að því er varðar sendingu tækniskjala um vínheiti sem til eru og þegar njóta verndar, eins og um getur í 118. gr. s í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, kann krafan um að tilgreina umsækjanda um vínheiti sem til er, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 118. gr. c í þeirri reglugerð, að valda sumum aðildarríkjum erfiðleikum þar eð landsbundnar reglur gilda um þessi vínheiti, sem til eru og þegar njóta verndar, án nokkurrar tilvísunar til tiltekins umsækjanda. Til að auðvelda umskiptin frá fyrirkomulaginu, sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999⁽¹⁾, yfir í fyrirkomulagið sem er fastsett með reglugerð (EB) nr. 1234/2007 skal kveða á um umbreytingarráðstafanir til að unnt sé að fara að ákvæðum landslöggjafar þessara aðildarríkja.
- 14) Nauðsynlegt er að breyta VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 607/2009 að því er varðar eldri réttindi sem hægt er að vísa til ef andmæli eru gerð við umsókn um verndun á hefðbundnu heiti.
- 15) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 607/2009 til samræmis við það.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 607/2009

Reglugerð (EB) nr. 607/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. mgr. 30. gr. komi eftirfarandi:

„2. Þegar um er að ræða umsókn frá atvinnugreinasamtökum með staðfestu í þriðja landi skal einnig senda upplýsingar um samtökin. Framkvæmdastjórnin skal birta á Netinu skrá yfir viðkomandi þriðju lönd, heiti atvinnugreinasamtakanna og aðila að þessum atvinnugreinasamtökum.“

- 2) Í stað 32. gr. komi eftirfarandi:

„32. gr.

Reglur um hefðbundin heiti frá þriðju löndum

1. Skilgreiningin á hefðbundnum heitum, sem kveðið er á um í 1. mgr. 118. gr. u í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, skal gilda að breyttu breytanda um heiti sem hefð er fyrir

að nota í þriðju löndum um vínafurðir með landfræðilegar merkingar eða upprunatáknar sem löggjöf þessara þriðju landa gildir um.

2. Að því er varðar vín upprunnin í þriðju löndum með merkimiða þar sem fram koma önnur hefðbundin sérheiti en hefðbundnu heitin sem talin eru upp í rafræna gagnagrunninum „E-Bacchus“ þá má nota þessi hefðbundnu sérheiti á merkimiðum á vínunum í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi þriðju löndum, þ.m.t. reglur sem atvinnugreinasamtök setja.“

- 3) Í stað 40. gr. komi eftirfarandi:

„40. gr.

Almenn vernd

1. Ef umsókn um verndun hefðbundins heitis uppfyllir skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 118. gr. u í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og í 31. og 35. gr. þessarar reglugerðar og henni er ekki hafnað samkvæmt 36., 38. og 39. gr. þessarar reglugerðar, skal hefðbundna heitið fært inn í rafræna gagnasafnið „E-Bacchus“, ásamt eftirfarandi upplýsingum:

- tungumál, eins og um getur í 31. gr.,
- flokkur eða flokkar vínrektarafurða sem verndin gildir um,
- tilvísun í landslöggjöf aðildarríkisins þar sem hefðbundna heitið er skilgreint og reglufest, eða í reglur sem gilda um vínframleiðendur í þriðju löndum, þ.m.t. reglur atvinnugreinasamtaka og
- samantekt um skilgreininguna eða skilyrði fyrir notkun.

2. Hefðbundnu heitin, sem skráð eru í rafræna gagnasafnið „E-Bacchus“, eru eingöngu vernduð á því tungumáli og í þeim flokkum vínrektarafurða sem tilkall er gert til í umsókninni og gegn:

- hvers konar misnotkun, jafnvel þótt verndaða heitinu fylgi orðalag eins og t.d. „áþekkur“, „tegund“, „aðferð“, „eins og það er framleitt í“, „eftirlíking“, „bragð“, „gerð“ eða svipað orðalag,
- allri annarri rangri eða blekkjandi vísun til eðlis, einkenna eða grundvallareiginleika afurðarinnar, á innri eða ytri umbúðum, í auglýsingaefni eða skjölum er varða hana,
- hvers konar athöfnun, sem eru til þess fallnar að villa um fyrir neytendum, einkum þeim sem gefa til kynna að vínið megi bera verndaða hefðbundna heitið.“

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

4) Í stað 1. mgr. 41. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þegar hefðbundið heiti er verndað samkvæmt þessari reglugerð skal skráning vörumerkis, þar sem notkunin myndi brjóta í bága við ákvæði 2. mgr. 40. gr., metin í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB (*) eða reglugerð ráðsins (EB) nr. 207/2009 (**).

Ef skráning vörumerkja brýtur gegn ákvæðum fyrstu undirgreinar skal hún ógilt eftir að sótt er um hana, í samræmi við viðeigandi málsmeðferðarreglur eins og tilgreint er í tilskipun 2008/95/EB eða reglugerð (EB) nr. 207/2009.“

(*) Stjtið. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 25.

(**) Stjtið. ESB L 78, 24.3.2009, bls. 1.

5) Í stað 1. mgr. 42. gr. komi eftirfarandi:

„1. Heiti, sem umsókn er lögð fram fyrir og sem er að öllu leyti eða að hluta til einsheiti við hefðbundið heiti sem þegar er verndað samkvæmt þessum kafla, skal verndað að teknu tilhlýðilegu tilliti til staðbundinnar og hefðbundinnar notkunar og hættu á ruglingi.

Einsheiti sem villir um fyrir neytendum að því er varðar eðli, gæði eða raunverulegan uppruna afurðanna skal ekki skráð, jafnvel þó að heitið sé rétt.

Notkun á vernduðu einsheiti skal háð því að nægilegur munur sé í raun milli einsheitisins sem verndað er síðar og hefðbundna heitisins sem þegar er skráð í rafræna gagnasafnið „E-Bacchus“, með hliðsjón af þeirri nauðsyn að meðhöndla alla viðkomandi framleiðendur á sama hátt og til að komast hjá því að villa um fyrir neytendum.“

6) Eftirfarandi 42. gr. a bætist við:

„42. gr. a

Breytingar

Umsækjandi, eins og um getur í 29. gr., getur sótt um samþykki fyrir breytingu á hefðbundnu heiti, tungumálinu sem tilgreint er, víninu eða vínunum sem um er að ræða, eða á samantektinni um skilgreiningu eða skilyrðum fyrir notkun á viðkomandi hefðbundnu heiti.

Ákvæði 33.–39. gr. gilda að breyttu breytanda um umsóknir um breytingar.“

7) Í stað 5. mgr. 47. gr. komi eftirfarandi:

„5. Þegar afturköllun tekur gildi skal framkvæmdastjórnin fjarlægja viðkomandi heiti af skránni sem sett er fram í rafræna gagnasafninu „E-Bacchus“.“

8) Eftirfarandi 3. mgr. bætist við 54. gr.:

„3. Ef um er að ræða hlutgerjað þrúgumust eða nýtt vín sem er enn í gerjun skal raunverulegur alkóhólstyrkleiki og/eða heildaralkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál koma fram á merkimiðanum. Ef heildaralkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál kemur fram á merkimiðanum skal setja „% vol“ á eftir tölustöfunum og á undan þeim má setja „heildaralkóhólstyrkleiki“ eða „heildaralkóhól“.“

9) Ákvæðum 56. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi önnur setning bætist við í þriðja undirlið 2. mgr.:

„Þessar kröfur gilda ekki þegar átöppun fer fram á stað sem er í næsta nágrenni við átapparinn.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Við upplýsingar um nafn og heimilisfang framleiðandans eða seljandans skal bæta orðunum „framleiðandi“ eða „framleitt af“ og „seljandi“ eða „selt af“, eða samsvarandi hugtökum.

Aðildarríkjum er heimilt:

- a) að krefjast þess að upplýsingar um framleiðanda séu tilgreindar,
- b) að leyfa að orðin „vinnsluaðili“ eða „unnið af“ komi í stað orðanna „framleiðandi“ eða „framleitt af“, eins og við á.“

10) Í stað 69. gr. komi eftirfarandi:

„69. gr.

Reglur um framsetningu tiltekinna afurða

1. Freyðivín, gæðafreyðivín og ilmrið gæðafreyðivín sem framleidd eru í Evrópusambandinu skulu sett á markað eða flutt út í „freyðivínsflöskum“ úr gleri sem er lokað með:

- a) svepplaga tappa úr korki eða annars konar efni, sem má komast í snertingu við matvæli, sem er haldið á sínum stað með festingu sem er, ef nauðsyn krefur, hulin af loki og hjúpuð með þynnu sem þekur tappann og allan flöskuhálsinn eða hluta hans, þegar um er að ræða flöskur sem eru yfir 0,20 lítrar að nafnrúmmáli,

- b) annars konar viðeigandi lokunarbúnaði þegar um er að ræða flöskur sem eru minna en 0,20 lítrar að nafnrúmmáli.

Aðrar afurðir, sem eru framleiddar í Sambandinu, skulu hvorki settar á markað né fluttar út í „freyðivinsflöskum“ úr gleri eða með lokunarbúnaði eins og lýst er í a-lið fyrstu undirgreinar.

2. Þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. geta aðildarríkin ákveðið að eftirfarandi afurðir megi setja á markað eða flytja út í „freyðivinsflöskum“ úr gleri og/eða með lokunarbúnaði eins og lýst er í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.:

- a) afurðir sem hefð er fyrir að setja á slíkar flöskur og sem:
- i. eru taldar upp í a-lið 1. mgr. 113. gr. d í reglugerð (EB) nr. 1234/2007,
 - ii. eru taldar upp í 7., 8., og 9. lið í XI. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 1234/2007,
 - iii. eru taldar upp í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/1991 (*), eða
 - iv. hafa raunverulegan alkóhólstyrkleika sem nemur 1,2 % eða minna miðað við rúmmál,
- b) aðrar afurðir en þær sem um getur í a-lið, að því tilskildu að þær villi ekki um fyrir neytendum að því er varðar eðli afurðarinnar.“

(*) Stjótið. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1.

11) Eftirfarandi 3. mgr. bætist við 71. gr.:

„3. Þrátt fyrir 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, að því er varðar sendingu tækniskjala eins og um getur í a-lið 2. mgr. 118. gr. s í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, geta yfir-

völd aðildarríkja komið til greina sem umsækjendur þegar um er að ræða umsókn í samræmi við b-lið 1. mgr. 118. gr. c í þeirri reglugerð.“

12) Í stað II. viðauka komi I. viðauki við þessa reglugerð.

13) Í stað VIII. viðauka komi II. viðauki við þessa reglugerð.

14) XI. og XII. viðauki falli brott.

2. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Áður en XI. og XII. viðauki við reglugerð (EB) nr. 607/2009 eru felldir brott með 14. lið 1. gr. þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin endurgera og

- a) birta innihald XI. viðauka á Netinu og
- b) færa hefðbundnu heitin, sem skráð eru í XII. viðauka, inn í rafræna gagnasafnið „E-Bacchus“.

2. Breytingar í tengslum við hefðbundið heiti, sem aðildarríki eða þriðja land hefur viðurkennt og tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar fyrir gildistöku þessarar reglugerðar og sem ekki hefur verið fært inn í XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 607/2009, skulu ekki falla undir málsmeðferðina sem um getur í 42. gr. a, eins og hún er innleidd með 6. lið 1. gr. þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin skal færa slíka breytingu inn í rafræna gagnasafnið „E-Bacchus“.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. júní 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

EITT SKJAL

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ)

(framkvæmdastjórnin fyllir út)

Fjöldi blaðsíðna (að meðtaldri þessari blaðsíðu)

Umsóknin er lögð fram á eftirfarandi tungumáli

Skrásetningarnúmer *(framkvæmdastjórnin fyllir út)***Umsækjandi**

Nafn lögaðila eða einstaklings

Fullt heimilisfang *(götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)*Réttarstaða *(ef um er að ræða lögaðila)*

Ríkisfang

Milliliður– Aðildarríki (eitt eða fleiri) ^(*)– Yfirvald þriðja lands ^(*)*(*) Stríkið yfir það sem á ekki við)*

Nafn/nöfn milliliða

Fullt heimilisfang eða heimilisföng *(götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)***Heiti sem á að skrá**– Upprunatáknun ^(*)– Landfræðileg merking ^(*)*(*) Stríkið yfir það sem á ekki við)*Lýsing á víninu eða vínunum ⁽¹⁾**Upplýsingar um hefðbundin heiti, eins og um getur í 1. mgr. 118. gr. u ⁽²⁾, sem tengjast þessari upprunatáknun eða landfræðilegri merkingu****Sérstakar vínfræðilegar vinnsluáferðir ⁽³⁾****Afmarkað svæði**

Hámarksafurkastur á hektara

Viðurkennd vínþrúguyrki**Tengsl við landsvæðið ⁽⁴⁾****Frekari skilyrði ⁽⁵⁾****Tilvísanir til forskriftar fyrir afurðina**⁽¹⁾ Þar með talin tilvísun til afurðanna sem falla undir 1. mgr. 118. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1234/2007.⁽²⁾ Fyrsta málsgrein 118. gr. u í reglugerð (EB) nr. 1234/2007.⁽³⁾ Valkvætt.⁽⁴⁾ Lýsið sérstöku eðli afurðarinnar og landsvæðisins og orsakatengslunum þar á milli.“

II. VIÐAUKI

„VIII. VIÐAUKI

BEIÐNI UM ANDMÆLI GEGN HEFÐBUNDNU HEITI

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ)

(framkvæmdastjórnin fyllir út)

Fjöldi blaðsíða (að meðtöldri þessari blaðsíðu)

Tungumálið, sem andmæleiðnin er á

Skrásetningarnúmer *(framkvæmdastjórnin fyllir út)***Andmælandi**

Nafn lögaðila eða einstaklings

Fullt heimilisfang *(götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)*

Ríkisfang

Sími, bréfasími, tölvupóstfang

Milliliður

– Aðildarríki (eitt eða fleiri) (°)

– Yfirvald þriðja lands (valkvætt) (°)

(°) Strikið yfir það sem á ekki við)

Nafn/nöfn milliliða

Fullt heimilisfang eða heimilisföng *(götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)***Hefðbundna heitið, sem andmælt er****Eldri réttur**

– Verduð upprunatáknun (°)

– Verduð landfræðileg merking (°)

– Landsbundin landfræðileg merking (°)

(°) Strikið yfir það sem á ekki við)

Heiti

Skráningarnúmer

Dagsetning skráningar (DD/MM/ÁÁÁÁ)

– Hefðbundið heiti sem til er og þegar nýtur verndar

– Vörumerki

Tákn

Skrá yfir afurðir og þjónustu

Skráningarnúmer

Dagsetning skráningar

Upprunaland

Orðstír/orðspor (*)

() Strikið yfir það sem á ekki við)*

Ástæður fyrir andmælum

- 31. gr. (*)
- 35. gr. (*)
- a-liður 2. mgr. 40. gr. (*)
- b-liður 2. mgr. 40. gr. (*)
- c-liður 2. mgr. 40. gr. (*)
- 3. mgr. 41. gr. (*)
- 1. mgr. 42. gr. (*)
- 2. mgr. 42. gr. (*)
- 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008

() Strikið yfir það sem á ekki við)*

Útskýringar á ástæðum

Nafn undirritunaraðila

Undirritun

“
